



Hrafn Árnason, fæddur 1972. Framkvæmdastjóri fjárstýringar og útlánaáhættu Alva ehf.

„Það sem ég tel mig hafa fram að færa til stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins er yfirgripsmikil þekking á fjárfestingum í öllum eignaflokkum og áhættu þeirra auk innsæis í mótun fjárfestingastefnu sjóðsins.

Til viðbótar þá tel ég að þekking mín af stefnumótun og rekstri fjármálatæknifyrirtækja geti nýst sjóðnum varðandi mótun rafrænna dreifileiða og ásýnd sjóðsins.

Fæ vonandi tækifæri til að leggja mitt lóð á vogarskálarnar til að tryggja að sjóðurinn verði í fremstu röð hvað varðar þægindi og þjónustu við sjóðfélaga og öflun nýrra með því að nýta alla þá stafrænu þróun sem er í boði.“

Reynsla:

20 ára reynsla af eignastýringu og rekstri fjármála- og fjármálatæknifyrirtækja.

Stjórnun og ábyrgð á frammistöðu fjárfestingateyma og mótun fjárfestingastefna innan og milli mismunandi eignaflokka.

Framkvæmdastjórn sjóðastýringarfyrirtækja Arion banka og Landsbanka.

Reynsla af fjárfestingum í öllum tegundum verðbréfa, sér í lagi hlutabréfa. Ábyrgð á ávöxtun verðbréfasjóða og verðbréfasafna í eigu fagfjárfesta.

Frá 2016 borið ábyrgð á rekstri, stjórnun og stefnumótun fjármálatæknifyrirtækis í örum vexti með yfir 50.000 viðskiptavinum. Ábyrgð á fjármögnun og fjármagnsskipulagi þess ásamt útlánaáhættu auk stjórnunar forritunar- og þróunarteymis á Íslandi og Króatíu.

Víðtæk reynsla af rekstri fjármála- og fjármálatæknifyrirtækja, stjórnun og stefnumótun.

Helstu störf:

Framkvæmdastjóri Netgíró hf. og Aktiva lausna ehf.

Forstöðumaður fjárfestingasviðs eignastýringar Íslandsbanka/VÍB.

Framkvæmdastjóri Rekstrarfélags Byr hf.

Framkvæmdastjóri Rekstrarfélags Kaupþings hf. (nú Stefnir hf.).

Framkvæmdastjóri sjóðastýringarfyrirtækja Landsbréfa (Landsvaki hf. og Landssjóður hf.)

Framkvæmdastjóri Íslenska hlutabréfasjóðsins hf. og Íslenska fjársjóðsins hf.

Sjálfstæður atvinnurekstur um 3ja ára skeið.

Menntun:

MBA, University of Edinburgh management school (2007).

Próf í verðbréfavíðskiptum, Háskólinn í Reykjavík (2001).

Viðskiptafræðingur cand.ocean. af fjármálasviði, Háskóli Íslands (1998).

Stúdentspróf frá Menntaskólanum í Hamrahlíð af eðlisfræðibraut (1991).

Hrafn hefur verið sjóðfélagi í Frjálsa lífeyrissjóðnum frá árinu 2001 og sækist eftir setu í stjórn eða varastjórn sjóðsins á komandi ársfundi þann 30. maí.